



Reykjavík 8.nóvember 2023

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um ofbeldi meðal barna þar sem notuð eru eiturefni – MSS23100167

Í ljósi fréttu um ofbeldi meðal barna þar sem notuð eru eiturefni óskar fulltrúi Flokks fólksins eftir upplýsingum um viðbrögð skóla- og frístundasviðs og barnaverndar Reykjavíkur. Nú eiga flest stálpuð börn síma og hafa aðgang að Internetinu. Á netinu er að finna mikinn fróðleik en einnig skaðlegt efni þ.m.t. myndefni. Þar er ekki aðeins að finna gróft klámefni heldur einnig upplýsingar um hryðjuverk og hryðjuverkastarfsemi. Hægt er sem dæmi að finna leiðbeiningar um hvernig búa á til sprengjur og fleiri skaðleg drápstól.

Greinargerð:

Flokkur fólksins hefur ítrekað lagt fram tillögur og hafið umræðu um að taka þurfi ofbeldi meðal barna alvarlega en fundist hann tala fyrir daufum eyrum. Ekki er lengur við það unað. Flokkur fólksins gerir þá kröfu til borgaryfirvalda að þau beiti sér sem yfirvald og vinni þétt með skólayfirvöldum í þessum þungu málum.

Undirrituð er Framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur. Mál berast okkur með tilkynningum á grundvelli barnaverndarlaga nr. 80/2002, skv.16 gr. 17.gr. eða 18. gr. Eftir að tilkynning berst er þeim ýmist lokað og þá vísað til þjónustu í nærumhverfi eða þá að ákveðið er að hefja könnun. Þegar að könnun hefst eru málefni viðkomandi barns skoðuð ítarlega og reynt að tryggja öflugan stuðning þannig að betur gangi í lífi barnsins. Er reynt með öllum tiltækum ráðum að byggja upp samvinnu með skólayfirvöldum og mögulega lögreglu sé þess þörf. Þannig eru sérfræðingar barnaverndar Reykjavíkur ítrekað í samstarfi með öðrum yfirvöldum til að bregðast við vegna aðstæðna og/eða hegðunar barns.

Að auki taka sérfræðingar Barnaverndar Reykjavíkur ítrekað þátt í vinnu með öðrum kerfum sem vinna að málefnum barna og ungmenna með heildrænu hætti. Það er til dæmis um að ræða samráð um börn í viðkvæmri stöðu, mótun úrræða, miðlum tölfræði og upplýsinga og svo mætti lengi telja.

Allt starfsfólk Barnaverndar Reykjavíkur er tilbúið til þátttöku í öllum þeim verkefnum sem taka til barna og ungmenna í borginni.

 Sent með rafrænum hætti
Barnavernd Reykjavíkur

Elísa R. Ingólfssdóttir

Elísa Ragnheiður Ingólfssdóttir

Framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur